

## Bréf

Alþingi, nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. mars 2018  
2018010037

**Efni: Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi) - 37. mál.**

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi), 37. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 12. febrúar 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (stafrænt kynferðisofbeldi). Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa fagnar því að fram sé komið frumvarp sem tekur sérstaklega á því sem kallað er stafrænt kynferðisofbeldi og ítrekar fyrri umsagnir sínar um að rétt sé að fagna því ef skerpt verður á ákvæðum almennra hegningarlaga að þessu leyti.

Frá 1. janúar 2014 hefur Barnaverndarstofa tekið saman tölur er varða mál sem þessi og koma í Barnahús. Benda þær tölur til þess að hér sé um að ræða mál sem brýnt er að ekki leiki vafi á um að um refsiverða háttsemi sé að ræða. Á árinu 2014 komu í Barnahús átta börn á aldrinum 12 – 15 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, fjögur börn á aldrinum 8 – 15 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar sjálfsmyndir og alls 24 börn á aldrinum 5 – 17 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýndar eða teknar (fengu sendar kynferðislegar myndir). Á árinu 2015 komu í Barnahús átta börn á aldrinum 13 – 17 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, fjögur börn á aldrinum 13 – 17 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar sjálfsmyndir og alls 11 börn á aldrinum 7 – 17 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýndar eða teknar (fengu sendar kynferðislegar myndir). Á árinu 2016 komu í Barnahús 5 börn á aldrinum 12 – 14 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, 3 börn á aldrinum 12 – 14 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar sjálfsmyndir og alls 17 börn á aldrinum 8-15 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýndar eða teknar (fengu sendar kynferðislegar myndir). Á árinu 2017 komu í Barnahús 6 börn á aldrinum 12 – 16 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, 2 börn 12 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar sjálfsmyndir og alls 10 börn á aldrinum 7 – 17 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýndar eða teknar (fengu sendar kynferðislegar myndir).

Þrátt fyrir að texti frumvarpsins og greinargerðin sé skýr og taki á flestum þeim atriðum sem upp geta komið í tengslum við mál sem þessi, og sé í raun víðtækari en að frumvarpið taki einöngu til hefndarkláms, þá telur Barnaverndarstofa rétt að benda á nokkur atriði sem stofan telur brýnt að skerpt sé á í frumvarpinu í meðförum Alþingis.

Þótt svonefnt „hefndarklám“ (revenge porn) sé vissulega algengt birtingarform kynferðilegrar misneytingar getur tilefni hennar átt sé margbreytilegar ástæður. Ein slík er tilraun til kúgunar og hefur það að markmiðið að fá eða þvinga þolanda til tiltekinna athafna, t.d. með tælingu eða hótun um myndbirtingu á vefnum (svonefnd „sexstortion“). Ekki er í frumvarpinu tekið á þessum þáttum ólögmetra birtinga kynferðislegra mynda, hvorki af börnum né fullorðnum og er brýnt að breyta frumvarpinu að þessu leyti. Sama gildir um þau tilvik þar sem myndum og/eða myndböndum er breytt til þess að láta líta þannig út að einstaklingur sé í kynferðislegum athöfnum eða stellingum. Að mati Barnaverndarstofu er því nauðsynlegt að tilgreina í hegningarlögum refsineami hótana sem þolandi kann að verða fyrir í þessu samhengi. Í ljósi þessa veltir Barnaverndarstofa því upp hvort rétt sé að að fela refsiréttarnefnd að taka málið til skoðunar, enda um brýna lagabreytingu að ræða sem mikilvægt er að tekið sé á öllum þáttum myndbirtinga eða þvingana tengdum sendingum á kynferðislegum myndum þegar hegningarlögum verður breytt hvað þessa þætti varðar.


Einnig er ekki gert ráð fyrir að refsing sé þyngd ef brotþoli er undir 18 ára aldri, en almennt eru refsingar við kynferðisbrotum þyngri ef brotþoli er á barnsaldri. Telur Barnaverndarstofa því jafnframt mikilvægt að frumvarpinu verði breytt hvað þetta varðar.

Í þriðja lagi þá tekur frumvarpið ekki á því hvað gera eigi í þeim tilvikum þar sem unglingur sendir sjálfviljugur mynd af sér, t.a.m. til kærasta eða kærustu, og í raun er slík sending dreifing á barnaklámi og refsiverð háttsemi. Barnaverndarstofa telur brýnt að slíkar sendingar sakhæfra ungmenna til jafningja sé ekki gerð refsiverð.

Þess má geta að Lanzarote nefnd Evrópuráðsins, sem hefur eftirlit með framkvæmd bindandi samnings Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi, gaf á árinu 2015 sérstakt álit (opinion) er varðar ákvæði 23. gr. samningsins með hliðsjón af upplýsinga- og margmiðlunartækni. Er álitid, sem fjallar að meginstefnu til um tælingu á netinu, aðgengilegt á heimasíðu nefndarinnar (sjá hér: [http://sacp.government.bg/media/uploads/t-es\(2015\)04\\_final\\_opinion\\_23\\_en.pdf](http://sacp.government.bg/media/uploads/t-es(2015)04_final_opinion_23_en.pdf)[1].pdf). Barnaverndarstofa vekur sérstaklega athygli á því sem fram kemur í 18. lið álitins varðandi það að erfitt sé að átta sig á umfangi þessara mála þar sem þau koma ekki í ljós fyrr en þolandinn greinir frá málinu eða í framhaldi af rannsókn yfirvalda. Hvetur Barnaverndarstofa allsherjar- og menntamálanefnd að öðru leyti til þess að kynna sér álitid við afgreiðlu málsins út úr nefndinni.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir